

58. fundur

Atvinnumálanefndar Stykkishólms var haldinn í Ráðhúsinu í Stykkishólmi, 10. febrúar 2003, kl. 20:00.

Mætt voru: Magnús Bæringsson, formaður, Björgvin Guðmundsson, Helga Guðmundsdóttir, varamaður Þorsteins Sigurðssonar, Sæþór Þorbergsson og Sigríður Elisdóttir, sem ritaði fundinn.

Þá var mættur Ólafur Sveinsson frá Atvinnuráðgjöf Vesturlands, sem sérstaklega var boðaður til fundarins.

Formaður setti fundinn kl. 20:10.

Dagskrá:

1. Stefnumótun í atvinnumálum í Stykkishólmi.

Lagðar voru fram á fundinum hugmyndir atvinnumálanefndar um greiningu á Stykkishólmi sem atvinnusvæði, framtíðarmöguleikar.

Magnús óskaði eftir því við Ólaf að hann aðstoðaði nefndina við stefnumótun í atvinnumálum í Stykkishólmi og komi fram með sína tillögur. Ólafur greindi frá því að mörg sveitarfélög hafi unnið slíka stefnumótun, en ekki sé farið eftir þeim. Hann nefndi dæmi. Staðan í atvinnumálum í Stykkishólmi var rædd. Ólafur benti á að hyggilegast væri fyrir íbúa í Stykkishólmi að horfa til langs tíma en ekki einhblína á einhverjar skyndilausnir. Hann sagði það sína skoðun að leggja skuli meiri áherslu á að stuðla að aukinni menntun bæjarbúa og efla frumkvæði.

Ákveðið var að halda áfram með undirbúningsvinnu stefnumótunar í atvinnumálum, í samvinnu við Atvinnuráðgjöfina, sem hyggst heimsækja fyrirtæki bæjarins í hópum og leggja fram spurningaeyðublöð. Atvinnumálanefnd mun fá að bæta við spurningum ef þurfa þykir.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 21:20.